

Samantekt

Fimmtudaginn 19. júní barst Matvælastofnun tilkynning um strok á eldissvæði Arnarlax á Steinanesi. Atvik voru með þeim hætti að starfsmenn eftirlitsþega unnu að slátrun úr kví 13. Klukkan kl. 01:00 var verið að hífa blýið á kastnót yfir rekkaverk svo hægt væri að þrengja að fiskinum en við hífinguna datt einn lax úr kastnótinni á göngubrettið og þaðan út í sjó. Að sögm skipstjóra var laxinn illa farin eftir að hafa kramist við blýið á kastnótinni.

Í umræddri eldiskví var meðalþyngd fiska 4.9 kg.

Matvælastofnun hóf þegar rannsókn málsins eftir að tilkynning barst og óskaði eftir upplýsingu frá rekstraraðila þar með talið viðbragðsáætlun um strok, verklagsreglu um losun á dauðfisk, þjálfun starfsmanna sem voru við störf í umrætt sinn og sannprófun.

Að sögn eftirlitsþega var viðbragðsáætlun virkjuð strax um nóttina af skipstjóra en net ekki lögð út þar sem slátrun stóð yfir og starfsmenn bundnir í verkefnum og komnir yfir vinnuskyldu sína þegar verkefnum þeirra var lokið. Fjórir starfsmenn voru við störf í umrætt sinn í eins viðamiklu verkefni og slátrun er. Matvælastofnun telur ljóst að mönnun á staðnum hafi ekki verið fullnægjandi þar sem ekki var hægt að grípa til aðgerða samkvæmt eigin viðbragðsáætlun. Eftirlitsþega ber að tryggja að nægjanlegur fjöldi starfsmanna sé við störf á hverjum tíma, þannig að hægt sé að vinna eftir viðbragðsáætlunum og verklagsreglum sem gilda hverju sinni.

Matvælastofnun hefur jafnframt athugasemdir við ákveðna þætti sem tengjast viðbrögðum rekstraraðila við atvikinu, m.a. skort rekstraraðila á að sannprófa atvikið, þjálfun starfsfólks og ónákvæmri atvikaskráningu.

Matvælastofnun kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika í eftirlitsskýrslu þessari.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Þjálfunarskrá starfsmanna	Næsta skoðun
Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Annað	Næsta skoðun

Frávik	Úrbótafrestur
Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Atvikaskráning	Næsta skoðun

Alvarlegt frávík

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi
Þjálfunarskrá starfsmanna

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir upplýsingum um nöfn áhafna á þjónustubátnum sem voru við vinnu þann 19. júní þegar atvikið átti sér stað. Jafnframt var óskað eftir þjálfunarskrá viðkomandi starfsmanna sem og upplýsingum um hvenær þeir hófu störf hjá eftirlitsþega. Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsþega voru fjórir aðilar við störf umræddan dag. Matvælastofnun fékk þjálfunarskrár þessara aðila sendar og voru þær yfirfarnar við rannsókn málsins.

Í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er fjallað um þjálfun starfsmanna sjókvíaeldisstöðva. Skýrar kröfur eru um þá þjálfun sem starfsfólk ber að hljóta áður en það hefur störf í fiskeldisstöð, sbr. 1. mgr. 50. gr. og viðauka III í fyrrnefndri reglugerð. Þannig þurfa nýir starfsmenn að fá kynningu á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis, þjálfun í vörnum gegn stroki, viðbrögðum við stroki, meðhöndlun eiturefna, þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti rekstraraðila. Þá þurfa allir starfsmenn fiskeldisstöðva einnig að fá þjálfun í að lágmarka umhverfisáhrif og að tryggja velferð eldisdýra. Við yfirferð þjálfunarskrár þeirra aðila sem voru við störf þann 19. júní er ljóst að enginn af þeim hefur hlotið alla þá þjálfun sem kröfur eru um til starfsmanna sjókvíaeldisstöðva samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 þrátt fyrir að hafa starfað hjá rekstrarleyfishafa í langan tíma.

Matvælastofnun telur með vísan til fyrirbyggjandi gagna að þjálfun þeirra starfsmanna sem voru við störf 19. júní 2025 á eldissvæðinu á Steinanesi hafi verið ábótavant og að eftirlitsþegi hafi ekki farið eftir eigin verklagi um þjálfun starfsfólks.

Alvarlegt frávík

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi
Annað

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Við rannsókn málsins óskaði Matvælastofnun eftir sannprófun atviksins á grundvelli viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Eftirlitsþegi kvaðst senda umbeðna sannprófun fyrir 11. júlí. Engin gögn bárust stofnuninni og lýtur Matvælastofnun svo á að atvikið hafi ekki verið sannprófað sem telst alvarlegt frávík í eftirlitsskýrslu þessari.

Frávík

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi
Atvikaskráning

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Með tilkynningu um stök sendi eftirlitsþegi atvikaskráningu (Atvik/Deviations/Incidents) þar sem farið var yfir atvikið. Í viðbragðsáætlun eftirlitsþega um stök kemur fram að þegar viðbragðsáætlun sé virkjuð eigi að skráningar að fara fram í gegnum umrædda atvikaskráningu.

Matvælastofnun telur atvikaskráninguna ekki nægjanlega ítarlega. Í hana vantar allar tímasetningar þar með talið nákvæma tímasetningu á atvikinu. Þá kemur ekki fram að viðbragðsáætlun hafi verið virkjuð eins og eftirlitsþegi heldur fram í tölvupósti til stofnunarinnar þrátt fyrir að net hafi ekki verið lögð út. Um framangreind og önnur atriði hefði verið full ástæða til að fjalla um í atvikaskráningunni.

Í ljósi þessa skráist frávík á atvikaskráningar þar sem þær eru ófullnægjandi.

Niðurlag

Þann 14/10/2025 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 16/10/2025. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 3 skoðunaratriðum, þar af 2 alvarleg frávík og 1 frávík. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi: 4 af 13 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 1 frávík og 2 alvarleg frávík.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Verklagsreglur
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Innra eftirlit
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Dagbókarfærslur
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Eldisbúnaður
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Eftirlit og viðgerðir á netpokum
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Nýliðunarþjálfun starfsmanna
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Gæðahandbók
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Verklagi rekstraraðila fylgt
- Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Viðbragðsáætlanir